



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 31. október 2019

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um rétt barna til að vita um uppruna sinn. (Þingskjal 88 — 88. mál, 150. löggjþ.)

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um rétt barna til að vita um uppruna sinn

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa fengið til umsagnar ofangreinda þingsályktunartillögu og þakka fyrir það.

Barnaheill styðja tillöguna og telja mikilvægt að réttur barns til að vita um uppruna sinn sé skýrður í lögum eins og Barnasáttmálinn segir að ríki þurfi að gera, sbr. eftirfarandi:

7. gr.

1. Barn skal skráð þegar eftir fæðingu, og á það frá fæðingu rétt til nafns, rétt til að öðlast ríkisfang, og **eftir því sem unnt er rétt til að þekkja foreldra sína** og njóta umönnunar þeirra.
2. Aðildarríki skulu tryggja að réttindum þessum sé komið í framkvæmd í samræmi við lög sín og skuldbindingar í viðeigandi alþjóðsamningum á þessu sviði, einkum í þeim tilvikum þegar barn yrði ella ríkisfangslaust.

8. gr.

1. Aðildarríki skuldbinda sig til að virða rétt barns til að **viðhalda því sem auðkennir það sem einstakling**, þar með töldu ríkisfangi sínu, nafni og **fjölskyldutengslum** eins og **viðurkennt er með lögum**, án ólögætra afskipta.
2. Sé barn ólöglega svipt einhverju eða öllu því sem auðkennir það sem einstakling skulu aðildarríkin veita viðeigandi aðstoð og vernd í því skyni að bæta úr því sem fyrst.

Börn eru manneskjur sem njóta sinna eigin sjálfstæðu mannréttinda eins og kemur svo ágætlega fram í þingsályktunartillögunni, og hafa skal í huga að við hverja ákvörðun um líf þeirra þarf að hafa það sem barni er fyrir bestu að leiðarljósi. Jafnframt eru réttur til upplýsinga sem og réttur til að tjá skoðun sína í öllum málum sem börn varða mjög mikilvæg réttindi Barnasáttmálans, sem raungerast ekki af sjálfu sér heldur þarf að tryggja þau með lögum og sérstökum aðgerðum, svo sem fræðslu, kynningu og hvatningu til samfélagsins um að virða þau réttindi barna.

Mikilvægt er við skoðun þessa máls að fræðimenn og hagsmunafélög, þ.m.t. hagsmunafélög barna, verði höfð með í ráðum. Nokkuð er til af útgefnum fræðigreinum um málefnið sem auðvelt er að finna á netinu. Eins og fram kemur í umsögninni eru fræðimenn ekki á einu máli um hvaða leið skuli farin. Skarast þá réttindi barnanna til að komast að uppruna sínum á við rétt þeirra sem gefa sæði sín, til friðhelgi einkalífs og persónuverndar. Barnaheill hvetja til þess að gætt verði sérstaklega að því að börn séu virt sem sjálfstæðir rétthafar og að réttur þeirra til að þekkja uppruna sinn gangi framár rétti



Barnaheill

sæðisgjafa til persónuverndar og/eða rétti foreldranna til að halda uppruna barns leyndum. Samtökin hvetja til þess að norrænni lagaframkvæmd verði fylgt við þróun þessara réttinda, sbr. umfjöllun þar um í þingsályktunartillögunni.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi og vinna gegn allri mismunun barna. Í mörgum tilfellum virðist þörf barna til að vita um uppruna sinn vera brýn og ef vilji barns er sá að komast að uppruna sínum er mikilvægt að taka mið af þeim vilja og gera allt til að aðstoða barnið við það.

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um tillögu til þingsályktunar um rétt barna til að vita uppruna sinn 88. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 11. október 2019, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um tillögu til þingsályktunar um rétt barna til að vita uppruna sinn. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um tillöguna.

Barnaverndarstofa fagnar því ef hefja á undirbúning að lagabreytingum sem tryggja að börn sem getin eru með tæknifrjónvagn og gjafaegggi og/eða gjafasæði eigi rétt á upplýsingum um uppruna sinn. Stofan tekur einnig undir þau sjónarmið sem fram koma í tillögunni að ekki sé æskilegt að ýta til hliðar þeim brýnu hagsmunum barns að fá að vita um uppruna sinn til þess eins að bæta úr barnleysi og lina þær þjáningar sem því kunna að fylgja. Með því skapist hætta á að farið sé að „nota barnið sem tæki til að þjóna markmiðum foreldra en horft framhjá því að það er einstaklingur með sjálfstæð réttindi og hagsmuni“. Þá kemur fram í tillögunni að Norðurlöndin séu mörg hver búin að vera í sambærilegri vinnu við að rýmka heimildir barna hvað þetta varðar.

Í ljósi þess að Ísland hefur lögfest barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er mikilvægt að öll önnur lög sem varða börn taki mið af ákvæðum sáttmálans, þar á meðal 7. grein sáttmálans þar sem kveðið er á um rétt barns til að fá upplýsingar um foreldra sína. Barnaverndarstofa fagnar því ef löggjafarvaldið á Íslandi fylgist með réttarþróun og túlkun ákvæða sáttmálans í þeim löndum sem Ísland vill helst bera sig saman við og uppfæri löggjöf til samræmi við þá þróun.

Barnaverndarstofa veitir velferðarnefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst f.h. Barnaverndarstofu

Guðrún Þorleifsdóttir, lögfræðingur

Nefndarsvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 31. október 2019
150. löggjafarþing, 88. mál

Umsögn um þátt um rétt barna til að vita um uppruna sinn

Félag um foreldrajafrétti lýsir yfir eindrægnum stuðningi við þingsályktunartillöguna en telur hana þó ganga of skammt.

Í greinargerð eru færð fjölmörg veigamikil rök fyrir því að barn skuli fá að vita um uppruna sinn. Hins vegar nær þessi þingsályktunartillaga aðeins til barna sem getin eru með tæknifrjóvgun og kynfrumugjöf.

Á hverju ári fæðast börn sem eru rangfeðruð. Ekki liggur fyrir hve hátt hlutfallið er en nefndar hafa verið tölur á borð við 1-5% sem þýðir þá að á hverju ári eru einhverjir tugir barna rangfeðruð.

Öll þau veigamiklu rök sem rakin eru í greinargerð fyrir því að barn fái að vita um uppruna sinn eru jafn gild fyrir þessi börn. Þá er til þess að líta að þessi börn eiga föður sem einnig hefur rétt á að vita að hann eigi barn og rétt til að vera til staðar fyrir það barn og eiga samband við það.

Félag um foreldrajafrétti leggur til þá breytingu við þingsályktunartillögu þessa að öll börn eigi rétt á að þekkja uppruna sinn. Það má tryggja með einföldu DNA prófi við fæðingu hvers barns. Ekki til að efast um faðernið heldur til að tryggja að það sé rétt.

Félag um foreldrajafrétti óskar eftir að fá að koma á fund nefndarinnar sem fær þingmál þetta til umfjöllunar til að ræða þessa mikilvægu breytingu sem mun tryggja að ekki bara sum börn fá að vita um uppruna sinn heldur öll börn.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd Félags um foreldrajafrétti,

Dofri Hermannsson, formaður stjórnar.



Nefndasvið Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Kópavogi 18. nóvember 2019.

Efni: Tillaga til þingsályktunar um rétt barna til að vita um uppruna sinn, 88. mál, þingmannatillaga.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 11. október 2019 þar sem óskað er álitis Læknafélags Íslands (LÍ) á tillögu til þingsályktunar um rétt barna til að vita um uppruna sinn, 88. mál 150. löggjafarþingi.

Um er að ræða tillögu um að fela dómsmálaráðherra að undirbúa lagabreytingu sem tryggi að börn sem getin eru með tæknifrjóvgun og kynfrumugjöf eigi rétt á upplýsingum um uppruna sinn. Frumvarp þess efnis verði lagt fyrir Alþingi eigi síðar en í janúar 2020.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að tillaga sambærilegs efnis hafi verið flutt á 141. og 146. – 149. löggjafarþingi en ekki hlotið afgreiðslu.

LÍ telur ýmislegt mæla með að 2. mgr. 4. gr. laga nr. 55/1996 um tæknifrjóvgun og notkun kynfruma og fósturvísa manna til stofnfrumurannsókna verði breytt þannig að afnumin verði heimildin til nafnleyndar gjafa. Eðlilegra er að mati LÍ að heilbrigðisráðherra verði falin slík lagabreyting enda heyra lögin undir ráðuneyti hans.

Frá setningu laga nr. 55/1996 hefur afstaða til nafnleyndar kynfrumugjafa breyst. Með frumvarpi til laga um staðgöngumæðrun sem í tvígang var lagt fyrir Alþingi var t.d. lagt til að þessi nafnleynd laganna yrði afnumin. LÍ styður að þessi tillaga verði samþykkt með þeirri breytingu að heilbrigðisráðherra verði falin frumvarpssamningin. Þá telur LÍ að tímarammi tillögunnar sé of þröngur og leggur til að slíkt frumvarp verði lagt fyrir Alþingi eigi síðar en á haustþingi 2020.

Verði eftir því óskað er LÍ að sjálfsögðu tilbúið til að senda fulltrúa félagsins á fund velferðarnefndar til að ræða tillöguna.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar LÍ,

Reynir Arngrímsson, formaður



MANNRETTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. október 2019.

Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um rétt barna til að vita um uppruna sinn. 150. löggjafarþing 2019-2020, þskj. 88, 88. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands (MRSÍ) hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um rétt barna til að vita um uppruna sinn.

MRSÍ styður tillöguna og tekur undir þau sjónarmið er vísað er til í texta hennar, og koma fram í bókinni *Siðfræði lífs og dauða* eftir Vilhjálm Árnason, að ekki megi ýta til hliðar þeim brýnu hagsmunum barns að fá að vita um uppruna sinn til þess eins að bæta úr barnleysi og lina þær þjáningar sem því kunna að fylgja. Með því skapist hætta á að farið sé að „nota barnið sem tæki til að þjóna markmiðum foreldra en horft framhjá því að það er einstaklingur með sjálfstæð réttindi og hagsmuni“.

MRSÍ tekur og undir með flutningsmönnum tillögunnar um mikilvægi þess að réttindi einstaklings sem getinn er með gjafakynfrumum séu sett í forgrunn og honum tryggður með lögum sjálfstæður réttur til að fá upplýsingar um uppruna sinn. Áréttuð er vísan í tillögunni til laga nr. 19/2013, um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, einkum 3. gr., 6. gr. og 12. gr.

Skrifstofan hvetur til þess að þingsályktunin verði samþykkt svo að dómsmálaráðherra geti ráðist í gerð frumvarps þess efnis.

Virðingarfyllt,
f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir
framkvæmdastjóri

Alþingi
Velferðarnefnd
150 Reykjavík

Reykjavík, 23. október 2019

Tilvísun: 2019101902/GIÁ


Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um rétt barna til að vita um uppruna sinn

Persónuvernd vísar til beiðni velferðarnefndar Alþingis frá 11. október 2019 þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um tillögu til þingsályktunar um rétt barna til að vita um uppruna sinn (88. mál á 150. löggjafarþingi 2019-2020, þskj. 88).

Með þingsályktunartillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela dómsmálaráðherra að undirbúa lagabreytingu sem tryggji að börn sem getin eru með tæknifrjóvgun og kynfrumugjöf eigi rétt á upplýsingum um uppruna sinn. Frumvarp þess efnis verði lagt fyrir Alþingi eigi síðar en í janúar 2020.

Persónuvernd bendir á nauðsyn þess að gætt sé að ákvæðum laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, við þá vinnslu persónuupplýsinga sem hér um ræðir. Yrði vinnslan því m.a. að samrýmast grunnreglum um sanngími og meðalhóf, sbr. 1. og 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laganna. Að því marki sem í lagafrumvarpi á grundvelli þingsályktunartillögunnar yrði að finna ákvæði, sem varða myndu vinnslu persónuupplýsinga, myndi stofnunin veita efnislega umsögn um þau. Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við þingsályktunartillöguna.

F.h. Persónuverndar,


Helga Sigríður Þórhallsdóttir


Gunnar Ingi Ágústsson



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8–10,
150 Reykjavík.

Umsögn: Tillaga til þingsályktunar um rétt barna til að vita uppruna sinn.

Siðfræðistofnun styður tillögu um að hafinn verði undirbúningur lagabreytinga sem tryggi börnum, sem getin eru með tæknifjúlgun, rétt til upplýsinga um lífræðilega foreldra sína. Um ræðir mikilvæga hagsmuni sem kunna að hafa veruleg áhrif á líf einstaklinga, sjálfsmynd og hamingju. Slíkir hagsmunir hafa siðferðilegt vægi sem hlýtur að víkja öðrum sjónarmiðum til hliðar, svo sem hagsmunum uppeldisforeldra og kynfrumugjafa. Stofnunin telur því að um þarfa og tímabæra lagabreytingu sé að ræða.

Fyrir hönd Siðfræðistofnunar,

Virðingarfyllst,

Páll Rafnar Þorsteinsson,
Verkefnisstjóri



Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík, 23. október 2019

Efni: Tillaga til þingsályktunar um rétt barna til að vita um uppruna sinn, 88. mál.

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 11. október sl., þar sem óskað var eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreinda tillögu til þingsályktunar. Í tillögunni er gert ráð fyrir því að dómsmálaráðherra verði falið að undirbúa lagabreytingu sem tryggir að börn sem getin eru með tæknifrjógvun og kynfrumugjöf eigi rétt á upplýsingum um uppruna sinn og að frumvarp þess efnis verði lagt fyrir Alþingi eigi síðar en í janúar á næsta ári.

Frá framlagningu frumvarps þess sem var að lögum um tæknifrjógvun árið 1996 hefur umboðsmaður barna gert ítrekaðar athugasemdir við það fyrirkomulag sem tryggir kynfrumugjöfum nafnleysi. Hefur umboðsmaður barna áréttað að þannig sé komið í veg fyrir að börn njóti þess sjálfsagða réttar að þekkja líffræðilegan uppruna sinn. Í 8. gr. Barnasáttmálans, sbr. lög nr. 19/2013, kemur fram að barn eigi rétt á að viðhalda því sem auðkennir það sem einstakling, en sá réttur á einnig við um líffræðileg einkenni eins og læknis- og erfðafræðilegar upplýsingar um ættingja og blóðtengsl. Þetta hefur jafnframt verið áréttað í almennum athugasemdum barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna (nr. 14 frá 2013) en þar kemur fram að börn eigi rétt á að fá aðgang að upplýsingum um erfðafræðilegan uppruna sinn, þar sem upplýsingar af þeim toga séu hluti af því sem einkennir barnið, sbr. 8. gr. sáttmálans.

Þá hefur umboðsmaður barna ítrekað bent á aðstöðumun barna sem eru annars vegar getin með tæknifrjógvun og kynfrumugjöf og hins vegar barna sem eru ættleidd. Samkvæmt V. kafla laga um ættleiðingar, nr. 130/1999, eiga ættleidd börn sem náð hafa 18 ára aldri rétt á að fá tiltækar upplýsingar um kynforeldra og þá bera foreldrar ættleiddra barna skyldu til að upplýsa þau um

Þá staðreynd jafnskjótt og barnið hefur þroska til. Gera lögin ráð fyrir því að það sé að jafnaði gert eigi síðar en er barn nær sex ára aldri.

Í þingsályktunartillögunni kemur fram að við gerð frumvarpsins eigi að horfa sérstaklega til sænskrar löggjafar. Umboðsmaður barna tekur undir þau sjónarmið enda var Svíþjóð fyrsta ríkið sem lögfesti bann við nafnleynd kynfrumugjafa. Í sænskri löggjöf er því tryggt að einstaklingar í þessari stöðu fái upplýsingar um uppruna sinn í lögum um erfðafræðilega friðhelgi (*Lag 2006:351 om genetisk integritet m.m.*). Þá vill umboðsmaður barna enn fremur árétta nýlega breytingu á sænsku foreldralögunum (*Föräldrabalk (1949:381)*) en þann 1. janúar síðastliðinn tóku gildi breytingar á foreldralögunum með gildistöku laga nr. 2018:1279. Er nú fjallað um rétt barna til upplýsinga í ákveðnum tilvikum í 15§ laganna þar sem segir að barn sem getið er með tæknifrjóvgun og kynfrumugjöf á rétt á því að vera upplýst um þá staðreynd af foreldrum.

Með vísan til alls framangreinds vill umboðsmaður barna því hvetja Alþingi til þess að samþykkja umrædda þingsályktunartillögu og fela þannig dómsmálaráðherra að undirbúa umræddar lagabreytingar. Að mati umboðsmanns barna er um ræða löngu tímabært og nauðsynlegt framfaraskref í þágu barna. Þá lýsir embætti umboðsmanns barna yfir vilja til þess að leggja dómsmálaráðuneytinu lið í þeirri vinnu.

Virðingarfyllt,
Salvör Nordal,
umboðsmaður barna